

DAGBÓKARFRAMVINDA

Hjá mörgum börnum kemur ákveðin stöðnun í dagbókarferlinu, þau gera það sama alla daga og eru því ekkert að læra neitt nýtt. Þá þarf kennarinn að grípa inn í.

Ég tek minn dag og lýsi honum í miklum smáatriðum. Þetta hentar vel þegar börnin eru búin að vinna lengi með nafnhátt og í leiðinni kem ég með nútíðina. Þau skrifa þetta niður eftir mér og setja inn í plast því þurfa að finna nútíðina þegar þau svo sjálf skrifa dagbók.

Svona getur þetta litið út sem fyrirmynd fyrir framhald dagbókarvinnu barnanna:

- Vakna - ég vakna
- Fara í sturtu - ég fer í sturtu
- Bursta tennur - ég bursta tennur
- Klæða mig - ég klæði mig í föt: buxur, peysu, og sokka
- Greiða hár - ég greiði hárið
- Bursta hár - ég bursta hárið
- Setja spennu í hár - ég set spennu í hárið
- Setja teygju í hár - ég set teygju í hárið
- Taka úr uppvottavél - ég tek úr uppvottavél
- Hita vatn - ég hita vatn
- Búa til te - ég bý til te
- Skera brauð - ég sker brauð
- Rista brauð - ég risti brauð

- Smyrja brauð - ég smyr brauð með smjöri og sultu
- Borða - ég borða brauð
- Drekka - ég drekk te
- Fara í úlpu og skó - ég fer í úlpu og skó
- Fara út - ég fer út
- Fara í bíl - ég fer í bílinn með stelpunni minni
- (Labba í skóla - ég labba í skóla
- Labba út á stoppustöð - ég labba út á stoppustöð
- Bíða eftir strætó - ég bíð eftir strætó
- Koma - strætó kemur
- Fara inn - ég fer inn í strætó
- Fara út - ég fer út á Hlemmi
- Taka annan strætó - ég tek annan strætó, strætó nr. 3
- Fara út - ég fer út strætó við Háteigsskóla)
- Labba inn - ég labba inn í skólann
- Fara úr - ég fer úr skóm og úlpu
- Bíða - ég bíð eftir Sigríði kennara
- Koma - Sigríður kemur
- Fara inn - ég fer inn í stofu
við förum inn í stofu
- skrifa - ég skrifa íslensku

- lesa - ég les íslensku
hlusta - ég hlusta á kennara
tala - ég tala við kennara
læra - ég læri íslensku
fara - ég fer út í frímínútur
fara - ég fer út að leika
koma - ég leik við krakka
róla - við rólum
fara í fótbolta - við förum í fótbolta

...

- Koma - við komum aftur inn
Fara - ég fer í íþróttir
Læra - ég læri stærðfræði
Borða - ég borða nesti:
Svala, safa, brauð, samloku, skyr, epli, banana
appelsínu, vínber, ab-mjólk, gulrót, kiwi,
jarðarber...
borða - ég borða hádegismat
við borðum hádegismat

..... o.s.frv.

